

Ed. **521. Frumvarp til laga** [230. mál]
um breyting á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 90 31. des.
1981.

(Eftir 2. umr. í Ed., 24. mars.)

1. gr.

65. gr. laganna hefjist svo:
Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar eða ritar á kjörseðilinn
o. s. frv.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda til ársloka 1982.

3. gr.

Frá 1. janúar 1983 skal 65. gr. laganna orðast svo:
Kosning utan kjörfundar fer svo fram, að kjósandi stimplar á kjörseðilinn bókstaf þess
lista, sem hann vill kjósa, og má hann geta þess, hvernig hann vill hafa röðina á listanum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.